

Fundur stjórnar ÆSKP 16. desember 2020 á Zoom

Mætt: Jóhanna Ýr, Katrín Helga, Berglind, Anna Lilja, Hákon Darri, Sóley Adda og Daníel Ágúst. Einnig situr Jónína Sif fundinn.

Fundur hófst kl. 20.03.

Janúarnámskeið

Tilboð liggja fyrir vegna fyrirlestra á janúarnámskeiði 2021. Þetta eru fjórir aðilar sem eru til í að koma og halda þrjá fyrirlestra. Spurning er hvort við viljum taka þá alla, það er svolítill peningur. Þau sem svöruðu voru Hinseginleikinn, Guðrún Karls Helgudóttir um hugleiðingagerð og Beggi Ólafs, um tíu skref af innihaldsríku lífi. Beggi er dýrastur af þeim.

Með þessum þemum værum við að mæta starfinu á þrenna vegu. Hugleiðingagerð, sjálfsefning fyrir leiðtoganna og nýr vinkill hvernig við getum nálgast unglíngana sem hóp. Jónína talaði um að hvert innslag væri um hálf tími, svo þetta væri rúmlega einn og hálfur tími.

Hugmyndin var að hafa námskeiðið miðvikudaginn 13. janúar. Í fyrra voru 21 skráningar á mótið. Ef mætingin verði meira en 15 í ár verður það góður árangur. Það er mikilvægt að við höldum okkar striki og verðum dugleg að auglýsa námskeiðið.

Aðalfundur

Fyrsta tilkynning um aðalfund fer út í sama pósti og janúarnámskeið er tilkynnt. Aðalfundur er miðvikudaginn 3. mars kl. 17.00 í Neskirkju og á Zoom. Húsið opnar kl. 16.30.

Aðalfundur EF

Aðalfundur EF á næsta ári fer fram á netinu.

Easter course

Easter course verður á netinu á þessu árið um páskana. Það er ekki búið að gefa út nákvæmlega hvernig það verður, en við getum hugað að því hvort við vitum um einhverja sem hafa áhuga á að taka þátt.

Vorið

Vorið er í mikilli óvissu. Það er ekki tímabært að byrja að skipuleggja neitt ítarlega sem gerist eftir aðalfund. En fyrir aðalfund þurfum við þó að vera með drög fyrir verkefni næsta árs. Þátttaka á janúarnámskeiði gæti verið mælikvarði á hvernig stemmingin er hjá leiðtogunum fyrir árinu. Ef hún er góð væri hægt að gera viðburð í kringum æskulýðsdaginn.

Að hefja æskulýðsstarfið aftur í janúar gæti verið svipað og byrja það að hausti.

Næsti stjórnarfundur verður 20. janúar. Þá förum við yfir janúarnámskeið og leggjum drög að aðalfundi.

Fundi slitið kl. 20.46.